

Ævintýri Páls á Halldórsstöðum.

I.



Jónas Þorbergsson.

Gestir og gangandi, sem á undanförn-um árum hafa átt viðdvöl nokkra á Halldórsstöðum í Laxárdal í Suður-Þingeyjarsýslu, munu hafa veitt eftirtekt manni nokkrum aldurhnignum, fremur lágum vexti, nokkuð ellibeygð-um. Hann er vel farinn í andliti, skolhærður, lætur sér vaxa skegg og klippir það snyrtilega. Augun eru dökkblá, snör, vitsmunabjört, og leikur kímni-glampi í augunum. Hann er hægfara, en hefur allt til þessa dags haft nokkuð fyrir stafni og ekki látið sér með öllu

verk úr hendi sleppa, þrátt fyrir níraðisaldur.

Maður þessi er Páll bóndi Þórarinsson á Halldórsstöðum.

Páll er fæddur á Halldórsstöðum 2. febrúar 1857 og fyllir níraðisaldur 2. febrúar 1947. Hann er sonur Þórarins Magnússonar, er bóndi var á Halldórsstöðum, og konu hans, Guðrúnar Jónsdóttur, ættaðrar úr Skagafirði. Þeir voru albræður faðir Páls og Metúsalem á Arnarvatni. Landskunnur var bróðir Páls, Magnús Þórarinsson á Halldórsstöðum, hugvitsmaður og þjóðhagasmiður, sá er fyrstur flutti til Íslands kembangarvélar og setti niður á bæ sínum. Þótti slíkt nýlunda mikil og ærið þrekvirki.

Páll hefur alið aldur sinn allan á Halldórsstöðum, að frá-töldum þremur stuttum dvölum, er hann á unga aldri átti með skoðum sauðfjárnendum. Ekki var hann settur til mennta í æsku, fremur en þá var títt um bændasyni, en mun hafa hlotið allgóða heimafræðslu að hætti sinnar tíðar. Varð það fangaráð Þingeyinga í þann mund að afla sér sjálfsmenntunar með lestri góðra bóka, enda reis um þær mundir, er hann verður fulltíða,

sú alda í Þingeyjarsýslu, sem teljast verður einstæð hér á landi. Þá er þar uppi Þjóðliðshreyfingin, fyrsta kaupfélagið, sem heldur velli, er stofnað, og Benedikt á Auðnum, nágranni Páls, stofnar þar félag áhugamanna um bókakaup og bóklestur meiri en annars staðar tíðkaðist. Beittist hann fyrir þeirri hreyfingu allt til dauðadags, eins og kunnugt er. Þessi andlega vorkennd, sem fór um hugi manna í Þingeyjarsýslu fyrir og um aldamótin síðustu, orkaði á hugi ungra manna þeirrar tíðar, félagshyggja glæddist og fróðleiksþorsti. Ýmsir urðu afburðavel sjálfmenntaðir, rituðu sveitablöð, orktu mikið, brutu heilann um gátur mannsandans.

Í þessu andrúmslofti hlýtur Páll á Halldórsstöðum þroska fullorðinsáranna. Hann segir svo frá sjálfur, að hann hafi í æsku þjáðst af óframfærni og minnimáttarkennd. Eigi að síður mót- uðust hneigðir hans og hugarstefna af samtíð hans, og hefur hann jafnan verið hneigður til málfræðilegra og heimspekilegra heilabrota, og rökræður um þau efni hafa verið honum hug- leiknar og hin mesta nautn. Við dvalir sínar í Bretlandi og lestur enskra bóka aflaði hann sér mikillar kunnáttu í enskri tungu. Eins og síðar verður greint, áttu hátt settir og menntaðir Eng- lendingar oftsinnis sumardvöl á heimili Páls. Komst hann þannig í snertingu við brezkar menningararfðir (*kultur*), sem veittu honum aukin umhugsunarefni. Hann skrifaðist löngum á við gesti sína um ráðgátur mannshugans og hlaut viðurkenningu þeirra fyrir íhuganir, sem þeir töldu dýpri og athyglisverðari en almennt mætti vænta frá óbreyttum bóndamanni í sveit norður á Íslandi.

II.


Magnús og Páll Þórarinssynir tóku við húsi eftir föður þeirra og bjuggu saman um hrið. Síðar tóku þeir við háflendunni, systursynir þeirra, Þórarinn og Jón, synir Jóns í Geitafelli og Sigríðar Þórarinsdóttur, systur Páls, og var Þórarinn fyrir húsi. Þórarinn var stakur gáfumaður. Hann gaf Háskóla Íslands jörð sína eftir sinn dag.

Eins og fyrr var greint, fór Páll þrisvar til Bretlands á ungum aldri og átti þar stuttar dvalir hjá skoðkum fjárbændum. Í þeim ferðum kynntist hann stúlku þeirri, er hann síðar gekk að eiga, og verður enn nánar greint frá þeim atvikum. Taldi hann eigi fært að flytja brúði sína í þau húsakynni, sem fyrir voru á Hall-

dórsstöðum. Árið 1892 keyptu þeir bræður Múlakirkju, er þá hafði verið lögð niður sem sóknarkirkja, og reistu íbúðarhús á Halldórsstöðum af viðum kirkjunnar. Skiptu þeir um þær myndir búi. Árið 1894 kvæntist Páll og gekk að eiga skoþka konu, Elisabeth Grant að nafni. Hún er fædd í Fifeshire í Skotlandi, þar sem faðir hennar var veiðivörður. Síðar fluttist Grant til Leith, og tókst þar kynning með þeim Lizzie og Páli. Hafa þau hjón



Lizzie Þórarinsson.



Páll Þórarinsson.

búið á Halldórsstöðum um hálfra .aldar skeið eða þangað til fyrir fáum árum, að Þór sonur þeirra tók við búinu. Hefur frú Lizzie þó enn á hendi hússtjórn hjá syni sínum. Annan son hafa þau hjón átt, William Francis að nafni. Hann er og til heimilis að Halldórsstöðum og stundar umboðs- og verzlunarstörf.

Sumir menn munu vilja telja, að Páll Þórarinsson hafi verið bóndi íhaldssamur í háttum sínum. Þess ber þó að minnast, að þegar árið 1892 húsaði hann, ásamt bróður sínum, Magnúsi, bæ sinn miklu betur en þá var títt í landinu, og bar húsakynni á Halldórsstöðum mjög af öllu því, sem þekktist í Þingeyjarsýslu á þeim árum og lengi síðan. Sveinn hét annar bróðir Páls, Þorbergur hinn þriðji og bjó á Sandhólum á Tjörnesi. Sveinn og

Páll voru mjög samrýndir og höfðu félagsbú. Sveinn var ókvæntur og vann búinu allan aldur sinn. Hann lézt árið 1943. Þeir bræður byggðu góð peningshús á jörð sinni og bættu tún og engi. Hitt er satt, að Páll bóndi hirti ekki um að hafa snögg fataskipti um siði og venjur. Hann kaus að vera óhvikull fulltrúi þess þjóðarbrags, sem ól hann og mótaði. Þess var áður getið, að Páll var að eðlisfari hlédrægur og treysti sér lítt í æsku. Með aldrinum reis af þessum eðlisþáttum í fari hans sterk varfærni. Jarðnæðiskostur hans leyfði aldrei stóran né umfangsmikinn búrekstur, en hann óttaðist fátæktina, sem öldum saman hafði leikið svo grátt allan þorra íslenzkra bænda. Og hann óttaðist fátæktina enn meira fyrir þá sök, að hann, við kvonfang sitt, hafði tekizt á hendur óvenjulega ábyrgð gagnvart konu af erlendu þjóðerni, sem hann hafði flutt úr stórborg heim í afskektan dal á Íslandi, í mikilli óvissu um það, hversu takast mundi um svo stórfelld umskipti. Verður svo alloft, að margt, sem þykir torskiði í háttum manna og jafnvel ámælisvert, á rætur sínar í duldem kostum þeirra. Og þrátt fyrir eðlisgróna varfærni Páls og litla hlaupagirni um breytingar búháttá, var hann jafnan meira en hlutgengur í félagsstarfi sýslunga sinna. Hann var mjög lengi deildarstjóri Kaupfélags Þingeyinga í sveit sinni, hreppsnefndarmaður, sóknarnefndarmaður, virðingarmaður hreppsins, skipaður af sýslumanni. Hélt hann öllum virðingar- og trúnaðarstörfum, unz hann sjálfur afsalaði sér þeim og baðst undan störfum.

III.

Hinn 3. júní 1894 fór fram skyndibrúðkaup í Edinborg í Skotlandi. Brúðguminn var Páll bóndi Þórarinsson á Halldórsstöðum í Laxárdal, þá 37 ára gamall, og brúðurin fyrrnefnd Elizabeth Grant, kölluð Lizzie, 19 ára gömul. Fyrir því var brúðkaupi hraðað, að Páll var ráðinn til farar með skipi heim til Íslands ákveðinn dag, en hafði fengið samþykki foreldra Lizzie til ráðahagsins því aðeins, að hann gengi að eiga hana áður en þau stigi á skipsfjöl. Brúðkaupið fór fram með hóflegri viðhöfn, en ættingjar og vinir Lizzie fylgdu þeim hjónum til skips, spiluðu á sekkpípur sínar og stigu dans við skipshlið. Vakti þetta eftirtekt og leiddi athygli að brúðhjónunum, sem nú lögðu upp í sína miklu ferð með ungar vonir sínar, heim í faðm miðnæturs-

sólarinnar, þar sem júnídagurinn vakir einnig náttlangt, til móts við óvissuna og atburði hversdagsleikans, til svo langrar samfylgdar sem nú er raun á orðin.

Þessir atburðir áttu sér langa forsögu. Að baki þeim lá merki-legt og fagurt ævintýri. Á gullbrúðkaupsdegi sínum, 3. júní 1944, höfðu þau Páll og Lizzie boð inni fyrir vini og sveitunga. Í því boði sögðu þau gestum sínum ævintýri sitt. Er hér stuðzt við þær frásagnir.

Eins og fyrr var greint, var Páll óframfærinn í æsku og treysti sér lítt. Féskortur hamlaði og á þeim árum hvers manns stórhug. Þó kom þar, að Páll hugði á nokkurt stórræði og réðst til utanfarar, félaus að öðru en farareyri. Varð það úrræði hans að ráðast á vist með skozkum sauðfjárbónda, og dvaldist hann þar samfelld þrjú missiri. Síðar fór hann tvisvar með sauðaskipi til Skotlands og átti þá enn vetrarvistir með skozkum bændum. Leiddu ferðir þessar til þeirra atburða um kvonfang hans, sem áður var frá greint.

Páll segir svo frá, að er hann fyrst kom til Leith, félaus og mállaus að kalla á enska tungu, leitaði hann sér ódýrrar gistingar og var vísað á gistihús, þar sem kostnaður myndi hófi nærri. Þar var þá til húsa 7 ára stúlka, kölluð Lizzie, einkar fögur, hispurslaus, glaðlynd og góðviljuð. Varð það ráð Páls að leita til þessarar litlu stúlku um leiðbeiningar í framburði enskrar tungu. Veitti hún þær ljúflega og virtist hafa góðlátlegt gaman að vankunnáttu hans í síðum manna þarlendis. Honum þótti og gott að þiggja hjálp svo ljúflega og barnslega veitta, án þess að eiga á hættu að mæta fyrirlitningu og hroka, sem hann þá óttaðist að verða kynni hlutskipti sitt, svo fákunnandi sem hann var og ódjarfur í þessari fyrstu utanför.

Þessi fyrstu kynni þeirra Páls og Lizzie reyndust ekki haldlaus. Af þeim hófust bréfaskipti þeirra um 10 ára skeið. Hinn íslenski fjármaður, svo fákunnandi og fjarstæður þessu barni um siðvenjur og alla uppeldismótun, eignaðist, þar sem hún var, einlæg og tryggan vin. Þeir menn, sem átt hafa kost langrar kynningar af frú Lizzie, geta sér til um það, að bernskutöfrar hennar hafi verið miklir, ekki einungis sakir fegurðar, heldur og vegna þess hispursleysis og óskilorðsbundnu hjálpfýsi, sem góðum börnum er eiginleg. Og það er þá jafnframt auðvelt að

láta sér skiljast, að þessir töfrar hafi orkað á hinn íslenska sveitamann, einmana í ókunnu landi, og að hann yrði langminnugur þess fyrsta geisla, er svo óvænt og sterklega var varpað á leið hans í þessari fyrstu og tvísýnu för hans úr föðugarði. Enda leið honum ekki þetta barn úr minni. Að lokinni eins og hálfis árs dvöl með hinum skozka fjárbónda, hélt Páll heim á leið. Hitti hann þá aftur þessa litlu vinstúlku sína. Þóttist hann nú standa betur að vígi að skipta við hana orðum og hafði nú kynnt til nokkurrar hlítar þarlendum háttum og siðvenjum. Hún vakti þá að skilnaði máls á því, hvort hann vildi skrifa sér, eftir að hann kæmi heim. Upp frá því hófust bréfaskipti þeirra um 10 ára skeið, eins og fyrr var ritað. Hann fræddi hana um land sitt, náttúru þess og fegurð, störf og hætti manna á Íslandi. Hún greindi frá ævintýrum bernsku sinnar og æsku. Afskekktur, þingeystur dalur og hin erlenda stórborg höfðu öðlast tengsl tveggja sálna, sem skiptust á einlægri og vaxandi hugþekkni. Bréf hennar tóku á sig aukinn þroskablæ, eftir því sem hún óx að árum og reynslu. Hans bréf dýpkuðu að hæversku og tilbeiðslu. Ævintýrið dró og seiddi, og Páll réðst öðru sinni til utanfarar. Það sinn var Lizzie á vist lengi úti í sveit, og bar fundum þeirra ekki saman í þeirri för hans. En bréfaskipti þeirra héldust. Og enn seiddi ævintýrið og dró með seiðandi afli. Páll segir svo frá, að þolgæði Lizzie að svara bréfum hans og tryggð hennar hafi vakið undrun sína og löngun að sjá hana sem fullþroska konu. Fyrir því réðst hann enn til utanfarar hið þriðja sinn. Tíu ár eru liðin frá síðustu samfundum. Og er fundum þeirra ber nú saman, undrast hann stórum. Æskudraumur hans um litla stúlkubarnið, sem hann tilbað í fjarska, er liðinn langt að baki. Fyrir honum birtist fullvaxin, þroskuð kona, undrafögur, góð og alúðleg, en þó nokkuð breytt í háttum. Hún hafði þegar vísað á bug nokkrum biðlum og sagt honum í bréfum sínum frá reynslu sinni í þeim efnum. Hún stóð þegar á verði. Páll segir sjálfur frá atvikum á þessa leið: „Mér bauðst frítt far með sauðaskipi til Englands. Og þessi undarlega þrá, að sjá Lizzie, varð þess valdandi að mestu leyti, að ég tók þessu boði. Ég hafði tryggt mér vist hjá bónda uppi í sveit, svo ég þyrfti ekki að verða í augum Lizzie neinn vandræðagemlingur, sem kæmi þessa löngu leið bara til að sjá hana. Þegar til Leith

kom og ég heimsótti hana, tók hún mér vel, en virtist vilja forðast öll fleðulæti og vildi auðsjáanlega láta mér skiljast, að hún væri orðin fullvaxta, sjálfstæð stúlka. — Ég skýrði frá því, að ég væri kominn til Skotlands í sérstökum erindum til bónda uppi í sveit og myndi dveljast þar þann vetur. Sýndist mér þá bregða fyrir á henni alvörusvip, svo ég bætti við, að hér gætum við skrifað á með léttara móti. Játti hún því með kímnbrosi“.

„Veturinn uppi í sveitinni leið um síðir“, segir Páll í minningum sínum. Og er hann kom til borgarinnar, tók hún á móti honum á járnbrautarstöðinni og tjáði honum, að hún væri búin að fá sér frí frá störfum meðan hann stæði við í borginni, svo þau gætu eytt þeim dögum saman. Hófst þá nýr þáttur kynningar þeirra. Og er þau eitt sinn voru á göngu saman í Princess Street, þar sem blómklukkan telur stundir mannanna, rann upp örlagastund þeirra. Þau uppgötvuðu, að sálir þeirra voru orðnar tengdar órofaböndum og hétu hvort öðru ævarandi tryggðum.

IV.

Við höfum af framanrituðu máli séð, hversu til þess dró, að Páll á Halldórsstöðum fékk konu af skozku þjóðerni og flutti hana heim á bæ sinn í norðlenzkri sveit. Við höfum séð, að þeir atburðir voru raunar efni í mikla skáldsögu. Þó hefst, þar sem því ævintýri sleppir, hin eiginlega skáldsaga. Við fylgðum þeim á skipsfjöl á leið þeirra í heim norðursins, inn í töfra hinna björtu náttu, með æskuleikina að baki og fram undan ráðgátu ókominna daga. Þetta gerðist árið 1894.

Til viðbótar öðrum glæsileik hafði þessari ungu konu verið gefin ein hin fegursta söngródd, sem á verður kosið. Varð það snemma landsfrægt á Íslandi. Má telja víst, að hún hefði í því efni náð til mjög hárra marka, ef hún ung hefði hlotið söngnám og þjálfun raddarinnar. Sjálfur á ég mér eina ljósa bernskuminningu um frú Lizzie. Níu ára gamall var ég á vist á bæ einum í Mývatnssveit. Morgun einn að sumarlagi svaf ég frammi í stofu á bænum. Vaknaði ég við það, að hurðinni er hrundið upp og inn gengur aðsópsmikil kona, forkunnar fögur, klædd með ólíkum hætti því, sem þá gerðist í íslenskum sveitum. Hún gekk að orgeli í stofunni og hóf að spila og syngja. Mér var það óljóst í svefnrofunum, hvort þetta væri raunverulegur atburður eða

draumsýn, runnin úr ímyndunarheimi ævintýrasagnanna. En á þennan sama óraunhæfa hátt mun frú Lizzie hafa birzt flestum mönnum í norðlenskum sveitum, er hún kom fyrst hingað til lands, ólík öllum konum um fas, klæðaburð, gersamlega ókunnandi um siði og hætti þess fólks, er hún átti að umgangast og skipta við, gædd hugmyndum, smekkvísi og siðvenjum barnungrar stórborgarkonu, gersamlega mállaus á íslenska tungu.

Þess er auðtilgetið, að hin stórfelldu umskipti, er svo hastarlega hafði verið stofnað til í lífi hennar, reyndust henni næsta torveld. Enda dró skjótt til þess, að hún ógladdist mjög. Kvað svo ramt að því, að henni varð ekki vært þar, sem hún var komin. Páli, bónda hennar, sem fann til þess, að hann, sem eldri maður og reyndari, hafði stofnað til mikillar áhættu um þetta mál, fórst þá bæði viturlega og drengilega. Hann bauð henni að bregða ráði sínu um búskap á ættaróðali sínu og flytjast með henni til ættarstöðva hennar. Þá fórn af hans hendi taldi hún sér ekki fært að þiggja. Þá bauð hann það fram, að hún skyldi sjálf hverfa heim í áttagana og lagði það í hennar vald, hvenær hún kæmi aftur eða hvort hún yfir höfuð sæi sér fært að freista þessa ævintýris um fram það, sem orðið var. Þetta boð þekktist hún. Fór þá svo sem oft vill verða, að er slakað er til fyrir megnu óyndi, breytist viðhorfið skyndilega fyrir augum sjúklingsins og hann öðlast jafnvægi og geðró til þess að geta metið hluti til samanburðar. Kemur þá lækningin oft af sjálfu sér. — Áður langt um leið, sneri frú Lizzie heim til bónda síns og tók upp samstarfið með honum. Tók hún nú að nema tungu landsmanna og lærði hana til mikillar hlítar. Jafnframt kynntist hún fólkinu og féll það vel í geð. Húsdýr og fuglar urðu vinir hennar. Íslenzkar sumarnætur, fegurð norðlenskra sveita og ekki sízt dalsins hennar, þar sem fegursta elfa landsins niðar, opnáði henni nýja sýn, veitti henni nýtt mat og nýja lífsnautn í því umhverfi, sem örlögin höfðu kosið henni til handa.

Meðan Lizzie var fákunnandi í tungu landsmanna, greiddi það leið hennar, að hún söng sig inn í hug og hjörtu fólksins. Það mál skildu allir og mátu að verðleikum. Og þegar fram liðu stundir, lærði hún að skilja og meta land og þjóð, samdi sig vel að siðum Íslendinga og gat sér, vegna söngs síns, annarra mann-

kosta og allrar hegðunar, slíka virðingu og ástsældir, sem telja verður fágætar í hópi íslenzkra kvenna.

Margir hafa fært það í tal við húsfreyjuna á Halldórsstöðum, hvílíkri furðu það megi þykja sæta, að hún skyldi kjósa það hlutskipti að giftast heim í íslenzka sveit, þar sem henni hefðu staðið allar leiðir opnar um úrvalsgjafir og jafnvel söngfrægð. Svarar hún þá jafnan á eina leið, að hin hógværa framkoma Páls hefði fallið sér bezt í geð af öllu, sem hún hefði átt kost á, að hún hefði ekki orðið fyrir vonbrigðum og að hún vildi ekki, þótt hún hefði átt þess kost, hafa skipti á auði og frægð og því lífi, sem hún hefur lifað. Pennan vitnisburð um Pál Þórarinsson sem eiginmann og samfylgdarmann í langri sögu, tel ég nógsamlegan og sízt verða vefengdan né heldur umbættan.

Enn er það til marks um ástsældir frú Lizzie, að á sextugsafmæli hennar héldu konur í Kvenfélagi Reykdælahrepps henni samsæti í Laugaskóla og kusu hana heiðursfélaga.

Í niðurlagi minninga sinna segir Páll á Halldórsstöðum meðal annars: „Ég hræddist mest fátæktina hér á þeim dögum, því mér fannst hún svo mikil, borið saman við það, sem konan hafði átt að venjast. Við nánari kynningu kom það í ljós, að Lizzie var meira hneigð til þess en ég að vilja taka lífið í stórum teigum. Ég gat aftur á móti sætt mig við að sötra það með hægð. Þetta ósamræmi í skapfari okkar varð til þess að reyna nokkuð mikið á hjúskaparböndin, og við bæði urðum að beygja af, til þess að varna því að þau brystu, en það var okkur ógeðfellt að fyrir þyrfti að koma. Og ég var í engum vafa um það, að konan lagði meira í sölurnar og fórnaði meiru en ég. Fyrir það var ég og hef ávallt verið henni svo þakklátur. Og nú nálgumst við óðum síðasta áfangastaðinn með hugann fullan af þakklætiskennnd hvort til annars fyrir langa og góða samfylgd“.

Slík er saga Páls á Halldórsstöðum. Ég tel hann hafa verið mikinn gæfumann, að svo giftusamlega farnaðist, svo mjög sem virtist til áhættu stofnað, er hann festi ráð sitt. Mun þess lengi verða minnst, að hann auðgaði sögu þjóðar sinnar að ævintýri svo fögru og fágætu.

Jónas Þorbergsson.